| **Umhverfisstjórnunarhandbók<br>Breytinga- og staðfestingarblað fyrir:** | | **Áhættumat** | |
|---|---|---|---|
| **Númer skjala** | **Útgáfudagsetning** | **Samþykkt af** | **Lýsing síðustu breytingar** |
| ÁHÆTTA001 | 16.09.2016 | Lína Björg | **1. útgáfa** |
| ÁHÆTTA002 | 7.09.2017 | Lína Björg | **2. útgáfa** |
| ÁHÆTTA003 | 15.01.2019 | María Maack | **3. útgáfa** |

# EarthCheck vottun Vestfjarða

## Áhættumat ("Risk Assessment")

### Umfang

Þetta skjal inniheldur drög að áhættumati fyrir Vestfirði á þeim 12 lykilsviðum sem tilgreind eru í grein 5.1 í staðli EarthCheck fyrir samfélög. Þetta áhættumat nær ekki yfir þá tegund áhættu sem er lögum samkvæmt á verksviði almannavarnarnefnda, þ.e. áhættu vegna neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum, sbr. Almannavarnarlög nr. 82/2008. Áhættumatið nær ekki heldur yfir áhættu vegna mengunar í höfnum, sem fellur undir lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994.

### Skilgreiningar

Í þessu skjali eru afleiðingar og líkur metnar á eigindlegan hátt með þeim hætti sem sýnt er í töflum 1 og 2. Framsetningin tekur m.a. mið af staðlinum ISO 31000:2009, Risk management – Principles and guidelines, sem út kom 15. nóvember 2009.

Áhætta er í raun einhvers konar margfeldi af líkum og afleiðingum. Erfitt er að gefa þessu ákveðin talnagildi (megindleg gildi), og því er yfirleitt byggt á eigindlegri flokkun eða einkunnagjöf, t.d. á bilinu 1-5.

| Stig | Afleiðingar | Nánari lýsing (dæmi) |
|---|---|---|
| 1 | Óverulegar | Óveruleg áhrif á umhverfi og samfélag, lítill kostnaður |
| 2 | Minni háttar | Auðvelt og fljótlegt að ná tökum á aðstæðum á staðnum, fjárhagslegt tjón í meðallagi |
| 3 | Í meðallagi | Hægt að ná tökum á aðstæðum með utanaðkomandi aðstoð, mikið fjárhagslegt tjón |
| 4 | Meiri háttar | Áhrif á stærra svæði án mikils skaða, tap á framleiðslugetu, verulegt fjárhagslegt tjón |
| 5 | Hamfarir | Eituráhrif á stærra svæði með miklum skaða, gríðarlegt fjárhagstjón |

**Tafla 1. Mat á afleiðingum eða áhrifum**

| Stig | Líkur | Nánari lýsing |
|---|---|---|
| A | Nær öruggt | Gerist nær alltaf |
| B | Líklegt | Gæti gerst í flestum tilvikum |
| C | Mögulegt | Gæti gerst í sumum tilvikum |
| D | Ólíklegt | Gæti hugsanlega gerst í sumum tilvikum |
| E | Fátítt | Gæti gerst í undantekningartilvikum |

**Tafla 2. Mat á líkum**

Fylkið í töflu 3 er notað til að greina tiltekna áhættu og ákveða mikilvægi þess að grípa til aðgerða hennar **vegna. Eins og sjá má er taflan samsett úr töflum 1 og 2.**

| **Afleiðingar** | **Líkur** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | A (Nær öruggt) | B (Líklegt) | C (Mögulegt) | D (Ólíklegt) | E (Fátítt) |
| 1 Óverulegar | H | M | A | A | A |
| 2 Minni háttar | H | H | M | A | A |
| 3 Í meðallagi | A | H | H | M | M |
| 4 Meiri háttar | A | A | A | H | M |
| 5 Hamfarir | A | A | A | A | M |

**Tafla 3. Fylki fyrir eigindlegt áhættumat**

A = afar há áhætta; krefst tafarlausra aðgerða
H = há áhætta; krefst sérstakrar athugunar
M = meðal áhætta; tilgreina þarf skiptingu verka og ábyrgðar
L = lág áhætta; hefðbundnir verkferlar duga

Tilvísanir í eftirfarandi áhættumati vísa til lykilsviða 1-12 sbr. grein 5.1 í staðli EarthCheck fyrir samfélög.

| Tilv. | Áhættan: Hvað getur gerst og hvernig | Afleiðingar | | Forgangur aðgerða | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Stig | Lýsing | Líkur | Mótvægisaðgerðir | Ábyrgð | Áhætta eftir aðgerðir |
| 1.1 | Orkunotkun | | | | | | |
| 2.1 | Aukin losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna fjölgunar ferðamanna á bensín- og dísilknúnum einkabílum/bílaleigubílum (Loftlagsbreytingar) | 2 (til skamms tíma) | Líklegt / B | Hár | Auka möguleika á rafbílum með því að fjölga rafhleðslustöðvum Leitast eftir að nýbyggingar hafi rafmagnstengingar fyrir bíla. | Sveitarfélögin | Meðal |
| 2.2 | Aukin losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna aukinnar bílaeignar og aukins aksturs heimamanna (Loftlagsbreytingar) | 2 (til skamms tíma) | Líklegt/ B | Hár | Lagning á göngu-og hjólreiðastígum og hvetja íbúa til að nota bílinn minna. | Sveitarfélögin | Meðal |
| 2.3 | Aukin losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna aukinnar olíunotkunar í stað ótryggðrar raforku (Loftlagsbreytingar) | 2 (til skamms tíma) | Mögulegt/ C | Meðal | Tryggja vistvæna raforku | Orkubú / Sveitarfélögin | Lágur |
| 2.4 | Skemmtiferðaskip -aukin losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna fjölgunar skemmtiferðaskipa sem brenna olíu. Mikil mengun fyrir íbúa (Loftlagsbreytingar) | 3 | Líklegt | Hár | Skemmtiferðaskip sem brenna svartolíu verði ekki leyft að liggja í höfn á Vestfjörðum. Stefna að því að skip geti tengst raforku í landi. | Ríkisstjórn/Sveitarfélög | Skoða! Fá einhvern hlutlausan aðila til að ræða við. |
| 3.1 | Skemmdir eða uppþornun vatnsbóla vegna jarðskjálfta, mengunarslysa eða afbrigðilegra veðurbrigða (Vatnsskortur) | 3 | Fátítt/ E | Meðal | Meta hættu á mengun vatnsbóla og verndarsvæða. Gera neyðaráætlun um lausn á vandamálum með mengun vatnsbóla /grunnvatns. | Umhverfisstofnun, Heilbrigiðsfulltrúar með Sveitarfélögum | Meðal |
| 4.1 | Útbreiðsla ágengra tegunda. Vaxandi útbreiðsla ýmist af ásetningi (t.d. með sáningu lúpínu), með náttúrulegum leiðum (t.d. útbreiðsluaukning skógarkerfils) eða með öðrum leiðum (t.d. landnám sjávarlífvera með losun á kjölvatni skipa). (afleiðing er tap á líffræðilegri fjölbreytni) | 3 | Líklegt / B | Hár | Kortleggja gróðursvæði og gera skipulag hvernig er hægt að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni með tillit til ágengra tegunda og rofs. | Sveitarfélögin | Meðal |

| Tilv. | Áhættan: Hvað getur gerst og hvernig | Afleiðingar | | | Forgangur aðgerða | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Stig | Lýsing | Líkur | Mótvægisaðgerðir | Ábyrgð | Áhætta eftir aðgerðir |
| 4.2 | Landrof/uppblástur (Rýrnun lands og lífmagns og tap líffræðilegrar fjölbreytni.) | 3 | Ólíklegt/ D | Meðal | Kortleggja gróðursvæði, og marka stefnu um hvernig gróðurlendi er varið gegn röskun á líffræðilegri fjölbreytni, ágengni nýrra tegunda og rofi. | (NAV) Sveitarfélögin | Meðal |
| 4.3 | Ofnýting (slit) á umhverfislegum gæðum, vegna fjölgunar ferðamanna, utanvegar-aksturs o.fl., umfram þolmörk svæðisins (Tap líffræðilegrar eða jarðfræðilegrar fjölbreytni. Fækkun gesta) | 3 | Líklegt/ B | Hár | Uppbygging ferðamannasvæða, uppbygging stíga og stýring ferðamanna á viðkvæmum svæðum. | Sveitarfélögin/ Ferðamálasamtök Umhverfisstofnun | Meðal |
| 5.1 | Ofnýting menningarlegra og annarra félagslegra gæða, vegna fjölgunar ferðamanna umfram þolmörk svæðisins (Tap menningarlegrar fjölbreytni og stuðnings nærsamfélags) | 1 | Ólíklegt/ D | Lágur | Vera vakandi fyrir hættumerkjum. | Íbúar /Samfélag | Lágur |
| 5.2 | Misræmi milli ímyndar samfélagsins og framkomu ferðaþjónustufyrirtækja eða ferðamanna á eigin vegum (fækkun gesta) | 2 | Ólíklegt/ D | Lágur | Skýr stefnumótun í ferðaþjónustu á svæðinu þar sem sveitarfélögin koma að . | Ferðamálasamtök Vestfjarða / Sveitarfélögin | Lágur |
| 6.1 | Ófullnægjandi skipulag, verkferlar og leiðbeiningar í þágu sjálfbærrar þróunar (Tap á búsvæðum lífvera, breytingar á fjölda og útbreiðslu tegunda, og fækkun gesta) | 2 | Ólíklegt/ D | Lágur | Fylgja skýrum opinberum ramma um verkferla varðandi þrepaskipt skipulag og sjálfbærni. Sveitarfélögin leiði umræðuna og haldi fókus á sjálfbæra þróun í skipulagsvinnu sinni. | Sveitarfélögin og byggingar- /skipulagsfulltrúar | Lágur |
| 6.2 | Fjölgun umferðaróhappa vegna skorts á eftirliti og stjórnun vega. (Meiðsli og neikvæð ímynd) | 3 | Ólíklegt/ D | Meðal | Fylgja skýrri umferðar-öryggisáætlun sveitarfélaga. Leggja áherslu á göngu og hjólreiðar í uppbyggingu umferðarmannvirkja | Sveitarfélögin með Vegagerðinni | Lágur |
| 6.3 | Ófullnægjandi merkingar og aðrar upplýsingar eða þjónusta við ferðamenn (Fækkun gesta) | 2 | Mögulegt/ C | Meðal | Unnið eftir stefnumótun í ferðaþjónustu og farið reglulega yfir upplýsingaveitur og merki. | Ferðamálasamtök Vestfjarða / Sveitarfélögin | Lágur |

| Tilv. | Áhættan: Hvað getur gerst og hvernig | Afleiðingar | | | Forgangur aðgerða | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Stig | Lýsing | Líkur | Mótvægisaðgerðir | Ábyrgð | Áhætta eftir aðgerðir |
| 7.1 | Flutningur hagnaðar úr héraði. (Minnkandi arðsemi í héraði) | 3 | Líklegt /B | Meðal | Eignarhald og vinnuafl aðflutt og gefur ekki útsvar á svæðinu. | Viðræður Skattyfirvöld / Sveitarfélög | |
| 8.1 | Aukinn hávaði í þéttbýli í grennd við umferðaræðar og stærri fyrirtæki. (Minnkandi lífsgæði íbúa, minnkandi ánægja gesta, fækkun gesta) | 2 | Mögulegt/ C | Lágur | Verið sé vakandi fyrir hættumerkjum og gripið til viðeigandi aðgerða ef þörf er á. | Fyrirtæki / Sveitarfélög | Lágur |
| 9.1 | Mengun yfirborðsvatns, t.d. gerlamengun (Neikvæð ímynd og sýkingarhætta) | 2 | Mögulegt/ C | Meðal | Virkt heilbrigðiseftirlit og geislun á vatni þar sem þörf er á. | Sveitarfélögin | Meðal |
| 10.1 | Aukinn úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum meiri með vaxandi sorpflutningum og urðun (Landspjöll, mengun grunnvatns, loftslagsbreytingar, neikvæð ímynd) | 3 | Líklegt/B | Meðal | Flokkun sorps og moltugerð. Upplýsingar til íbúa er varða innkaup | Sveitarfélögin | Meðal |
| 11.1 | Olíuleki í sjó eða jarðveg vegna bilana eða ófullnægjandi frágangs olíutanka (Skaði á fuglalífi eða öðru lífríki, mengun jarðvegs) | 3 | Ólíklegt/D | Meðal | Reglum varðandi frágang olíu framfylgt og virkt eftirlit | Sveitarfélög/ Heilbrigðiseftirlit | Meðal |
| 12.1 | Niðurrif, óafturkræfar breytingar eða niðurníðsla friðaðra húsa eða annarra menningarminja (Tap menningarminja og menningarlegrar fjölbreytni, fækkun gesta) | 2 | Mögulegt/ C | Meðal | Farið eftir þeim reglum sem varða húsfriðun og leitað eftir áliti Húsfriðunarnefndar þegar við á. | Sveitarfélögin | Lágur |

Þeir starfsmenn sem hægt er að leita til á Vestfjörðum
Slökkvilið Reykhóla 112 eða Guðmundur Ólafsson á Grund, go@ov.is
Slökkviliðið í Ísafjarðarbæ S: 450-8200 slokkvilid@isafjordur.is http://slokkvilid.isafjordur.is/
Slökkviliðið í Vesturbyggð Patreksfirði, S: 450-2307, 891-7426
Slökkvilið Strandabyggðar Neyðarsími: 112 slokkvilid@holmavik.is
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða S: 450-7087
Umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar – Ralf Trylla – 450-8000 umhverfisfulltrui@isafjordur.is